

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 1-2016

Tími: Föstudagur 29. janúar 2016, kl. 14:00, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir og Sigríður Hallgrímsdóttir. Þórdís Þórarinsdóttir boðaði forföll. Brita Berglund ritaði fundargerð.

1. Síðasta fundargerð

Samþykkt.

2. Fjármál

Rekstraráætlun fyrir 2016 og spá fyrir 2015 voru lögð fyrir fundinn og rædd.

a) Rekstrarniðurstaða 2015

Gert er ráð fyrir að skila 2015 með rekstrarafgangi um 30 m.kr. Lbhí mun þannig standa við greiðslu á 20 m.kr. upp í skuld við ríkissjóð. Hluti af auka upphæð, sem skólinn fékk og átti að nota 2015, verður notaður til að greiða meira upp í ríkisskuldina en upphaflega var ætlað.

b) Rekstraráætlun 2016

Í ár verður einnig gert ráð fyrir að greiða niður ríkisskuld skólans um 20 m.kr. Skólinn fékk 58 m.kr. aukalega frá ANR, svo ekki þarf að fara í frekari sársaukafullar niðurskurðaraðgerðir að svo stöddu. Ekki er vitað hvort þetta aukafjármagn verður varanlegt, sem veldur erfiðri óvissu. Rektor taldi upp ýmsar forsendur fyrir rekstraráætlun 2016 m.a.:

- Nýr tilraunastjóri verður ráðinn frá 1. maí. Þar sem núverandi tilraunastjóri fer á eftirlaun í lok árs.
- Nýr deildarforseti sameinaðra háskóladeilda verður ráðinn fr.o.m. 1. ágúst.
- Garðyrkjustjóri Lbhí kom aftur úr námsleyfi 1. janúar. Til að draga úr kostnaði mun hann kenna meira en áður sérstaklega við skrudgarðyrkjunámið á Reykjum.
- Nýr námsráðgjafi hefur verið ráðinn sameiginlega með Háskólanum á Hólum og Háskóla Íslands. Lbhí greiðir 25% af launum hans auk ferðakostnaðar.

Endurmenntun Lbhí hefur verið rekin með tapi undafarin ár, en hallinn 2015 var 10,3 m.kr. Námskeiðum hefur fækkað verulega og eru oft fámenn og tekjurnar þar af leiðandi of litlar til að standa undir kostnaði við starfsemina. Það var mál fundarmanna að endurmenntun er mikilvægur liður í háskólastarfi og verður væntanlega gerð enn meiri krafa um hana í framtíðinni en skipulag og form starfseminnar sé rétt að endurskoða. Samstarf við Endurmenntun HÍ og RML kæmi t.d. til greina, en Lbhí er með samstarfssamning við RML. Þá þarf einnig að huga betur að samráði innan skólans og við atvinnulífið um námskeiðaframboð, og framboðið þarf að vera sveigjanlegt. Í nýgerðum kjarasamningum hafa miklir peningar verið eyrnamerkir fyrir endurmenntun, sem skapar sóknarfæri.

Í fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir að reitasláttuvél fyrir jarðræktartilraunir verði keypt fyrir 20 m.kr. Í því samhengi var bent á nýðsyn þess að skólinn uppfæri eignarskrá sína reglulega. Lög gera kröfur um slíka skrá. Rætt var um sölu á Korpulandi og gildistíma söluheimilda á landi sem upp er gefið í fjárlögum.

3. Endurnýjun starfsreglna fyrir Lbhí.

Drög að nýjum starfsreglum voru lögð fram til kynningar. Rektor hefur mótað þau í samstarfi við deildarforseta og fleiri með starfsreglur HA sem fyrirmynd. Drögin verða teknar fyrir á næsta fundi og álit lögfræðideildar MMR, fengið. Markmiðin með endurnýjun reglnanna eru þessi:

- Aðlögun að gildandi lagaramma. Núverandi regluverk skólans hvílir að nokkru leyti á úreltum lögum (búfræðslulögum) sem eru úr gildi fallin, en regluverk opinberra háskóla þarf að grundvallast á lögum um háskóla nr. 63. 2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85. 2008.
- Opna á mögulega sameiningu deilda og sérstaka ráðningu deildarforseta. Tilgangurinn er meðal annars að auka krítiskan massa deildar, auka þverfaglega samstöðu og gagnkvæman skilning milli fræðasviða. Tryggt verður að deild/deildir hafi ákveðið svigrúm til að móta sína starfshætti.
- Efla hlutverk deilda gagnvart kennslunni. Kennslunefnd verður lögð niður í núverandi mynd og verkefni hennar færð til deildarfundar / deildarráðs. Ætlunin er m.a. að skapa breiðari ábyrgð meðal akademískra starfsmanna gangvart náminu og þróun þess..
- Auka áherslu á gæðastarf og eftirfylgni gæðaáætlana.
- Skerpa á hlutverkamun akademískrar stjórnarsýslu og annarrar stjórnarsýslu.
- Skýra betur og staðfesta hlutverk háskólafundar og lögmæti hans og kjörgengi og kosningu til háskólaráðs.
- Formfesta í reglum tilvist og hlutverk rannsóknanámsnefndar.
- Endurskilgreining á kennslu- og rannsóknasviðum. Hlutverk og verksvið verða þrengd og skilgreind upp á nýtt, en stefnumarkandi ábyrgð sett á deild / deildir í auknum mæli.

Endurskoðaðar reglur þurfa að standast lög, og einnig þarf að aðlaga öðrum reglum Lbhí að nýju reglunum. Rektor mun senda drögin til allra starfsmanna til umsagnar ásamt formála þar sem markmið með nýju reglunum koma skýrt fram

4. Ný stefnumörkun fyrir Lbhí – helstu forsendur

Framundan er ný stefnumörkun fyrir Lbhí. Helstu forsendur eru þessar:

- Gamla stefnan er runnin út og rektor og háskólaráði ber að leggja fram stefnu.
- Fyrsta umferð gæðamats er búin og ný umferð að hefjast.
- Stefna stjórnvalda í málefnum háskóla er í mótun og vaxandi krafa um samráð ráðuneytis og stofnana um stefnu. Einnig þarf að efla samband milli háskóla þar sem farið er að lita á háskóla meira sem eina heild.

Við stefnumörkuninni verður m.a. stuðst við þær gæðaúttektir sem hafa verið gerðar á starfsemi Lbhí og við SVÓT greiningu starfsmanna frá 2014. Ramminn um starfsemina verði áfram „Lífið og landið“. Mikilvægt verður að efla fjárhaginn og möguleika á afköstum í rannsóknum. Fundarmenn lögðu ríka áherslu á samráð við starfsmenn Lbhí sem og utanaðkomandi hagsmunaaðila við stefnumörkunarvinnuna. Mikilvægt er að gera ítarlega greiningu á hagsmunaaðilum til að tryggja aðkomu þeirra sem skipta máli. Mikill ávinningur er af vandaðri stefnumörkunarvinnu; hún á að skila bæði góðri stefnu og ekki síður góðri stefnumótunarmenningu og aðferðafræði sem nýtist stofnuninni áfram. Umhverfi háskóla er síbreytilegt og stefnumótun þarf að vera í sífelldri endurskoðun.

5. Önnur mál

Helena vakti athyggli á Háskólahermi, tveggja daga dagskrá við HÍ þar sem menntaskólanemendur kynnast háskólastarfi. Hugmynd sem Lbhí gæti nýtt sér.

6. Næsti fundur

Föstudaginn 19. febrúar, kl. 14-16 á Keldnaholti

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.